Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 3. febrúar 2017

Breyting á skilmálum deiliskipulags Seljahverfis,

samþykkt í borgarráði 1. janúar 1976 (skilmálar frá mars 1973)

Breyting vegna Akrasels 8

Forsendur breytinga á skilmálum eru þær að á deiliskipulagssvæðinu er þó nokkuð um að tvær íbúðir hafi verið skráðar í einbýlishúsum en skv. deiliskipulaginu er aðeins gert ráð fyrir 1-1,5 hæða einbýlishúsum á svæðinu. Einnig er nokkuð um að hús á svæðinu séu töluvert stærri en deiliskipulagið gerir ráð fyrir, þ.e. fullar tvær hæðir þar sem að svonefnd óútgrafin rými (sökkulrými) hafa verið tekin í notkun. Eigendur Akrasels 8 sóttu um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að stigi milli hæða hefur verið fjarlægður og óútgrafið rými tekið í notkun.

Breytingin felur í sér tvennt:

1. Skilmálum verður breytt þannig að heimilt er að vera með tvær íbúðir í húsi nr. 8 við Akrasel.
2. Heimilt er að taka í notkun þegar útgrafin sökkulrými þannig að neðri hæð verði jafnstór þeirri efri.

Gildandi deiliskipulag:

Í skilmálum fyrir Akrasel frá mars 1973, kemur fram að lóðunum hafi verið úthlutað fyrir einbýlishús og að húsagerð skuli vera 1-1,5 hæða hús.

Breyting á skilmálum fyrir Akrasel 8

Skilmálar fyrir:

„Húsagerð skal vera 1 - 1 ½ hæðar hús.“

Skilmálar eftir:

Heimilt er að vera með tvær íbúðir í húsi nr. 8 við Akrasel á allt að 2 hæðum, ekki er um að ræða aukið byggingarmagn, heldur er einungis heimilt að taka í notkun þegar byggð sökkulrými þannig að neðri hæð verði jafnstór þeirri efri. Sækja skal um samþykkt byggingaryfirvalda fyrir öllum áorðnum breytingum skv. skilmálabreytingu þessari.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
Netfang: skipulag@reykjavik.is